

## 9. fundur haldinn að Breiðabliki 7. október 2013.

Mættir: Guðbjartur Gunnarsson, Halldór Jónsson, Hrefna Birkisdóttir, Pröstur Aðalbjarnarson og Svanur Guðmundsson í fjarveru Sigurðar Hreinssonar.

Bókun frá Sigurði Hreinssyni: „Þar sem málefni er varðar undirritaðan og Félagsbúið Miðhraun 2 verða óhjákvæmilega fyrirferðarmikil á næstu hreppsnefndarfundum tel ég best að ég víki sæti og kallaður verði til varamaður sem sitji alla fundi hreppsnefndar þegar eitt eða fleiri af þeim málum sem hér eru upp talin verða tekin fyrir.

1. Dómsmál Félagsbúsins og Hitaveitu Eyja- og Miklaholtshrepps.
  2. Kosning hreppsnefndar á fulltrúa til að fara með atkvæði hreppsins á aðalfund Hitaveitu Eyja- og Miklaholtshrepps.
  3. Íbúakosning af beiðni undirritaðs er varðar samning hreppsnefndar við landeiganda Eiðhúsa. 4. Önnur mál er varðar Félagsbúið Miðhraun 2 og Hitaveitu EogM.
- Fer þó fram á að mér berist fundarboð sem fyrir“.

1. mál.

Beiðni Björns Jónssonar héraðsstjóra Vegagerðarinnar um efni úr námu hreppsins við Holtsenda. Ekki er tekin ákvörðun að svo stöddu.

2. mál. Beiðni Þórðar Runólfssonar um þátttöku hreppsins í kostnaði við girðingu.

Samþykkt að taka þátt í kostnaði í samræmi við girðingalög. Oddvita falið að ganga frá málinu.

3. mál. Íbúakosning skv. kröfu Sigurðar Hreinssonar.

Hreppsnefnd heimilar undirskriftasöfnun vegna íbúakosningar er Sigurður Hreinsson fór fram á á síðasta fundi hreppsnefndar ds. 16. september 2013.

4. mál. Þverárrétt, viðhald/endurbygging.

Málinu vísað til fjallskilanefndar.

5. mál. Tölvupóstur frá Önnu Sesselju Sigurðardóttur er varðar tónlistarnám.

Ákvörðun um málið frestað. Oddvita falið að skoða málið er varðar skyldu sveitarfélaga um aðgengi að tónlistarnámi.

6. mál. Erindi frá Brákarhlíð

Varðar rekstur Brákarhlíðar, hjúkrunar – dvalarheimilis í Borgarnesi. Málið lagt fram til kynningar.

7. önnur mál.

Uppgjör útsvars. Heildar álagning	51.490.315, -
Að frádregnum kostnaði og hlut jöfnunarsjóðs.	45.300.000, -

Fleira ekki gert og fundargerð lesin.